

Fangelsismálastofnun

Ársreikningur 2008

Fangelsismálastofnun

Borgartún 7

Reykjavík

400189-2029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8


Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings


Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnsýslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði dómsmálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun sjái um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, sér um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og heldur utan um tölulegar upplýsingar á svíði stofnunarinnar.

Á árinu 2008 var 50,4 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 61,6 m.kr., skuldir 26,1 m.kr. og eigið fé um 35,5 m.kr. í árslok 2008.

Forstjóri og skrifstofustjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. ágúst 2009


Páll Egill Winkel,
forstjóri.


Hólmfríður Árnadóttir
fjármálastjóri.

Áritun endurskoðenda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórmendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárrleiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Fangelsismálastofnunar ríkisins á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárrleiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 6. ágúst 2009.



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Tekjur			
Sértekjur	1	<u>108.247.621</u>	<u>75.958.394</u>
		<u>108.247.621</u>	<u>75.958.394</u>
Gjöld			
Vörukaup		47.635.532	37.568.462
Laun og launatengd gjöld	2	<u>847.345.156</u>	<u>686.411.311</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	25.238.848	21.249.770
Funda- og ferðakostnaður	4	18.546.660	15.041.324
Aðkeypt sérfræðipjónusta	5	36.396.407	32.727.579
Rekstur tækja og áhalda	6	12.959.893	12.626.102
Annar rekstrarkostnaður	7	140.317.982	129.552.892
Húsnæðiskostnaður	8	68.087.456	58.692.001
Bifreiðarekstur	9	7.631.902	7.524.259
		<u>1.204.159.836</u>	<u>1.001.393.700</u>
Eignakaup	10	<u>16.274.963</u>	<u>19.353.573</u>
		<u>1.220.434.799</u>	<u>1.020.747.273</u>
Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur		(1.112.187.178)	(944.788.879)
Fjármunatekjur	11	<u>1.377.850</u>	<u>643.555</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(1.110.809.328)	(944.145.324)
Ríkisframlag		<u>1.060.400.000</u>	<u>923.200.000</u>
Tekjuhalli ársins		<u>(50.409.328)</u>	<u>(20.945.324)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	32.551.398	15.883.351	
Ríkissjóður	13	0	69.107.453
Viðskiptakröfur		11.073.723	10.605.548
Handbært fé	12	<u>17.958.068</u>	<u>24.578.095</u>
Veltufjármunir	<u>61.583.189</u>	<u>120.174.447</u>	
Eignir alls		<u>61.583.189</u>	<u>120.174.447</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun	74.302.599	95.247.923	
Tekjuhalli ársins	(50.409.328)	(20.945.324)	
Höfuðstóll	<u>23.893.271</u>	<u>74.302.599</u>	
Annað eigið fé			
Framlag til eignamyndunar	11.576.348	11.576.348	
Annað eigið fé	<u>11.576.348</u>	<u>11.576.348</u>	
Eigið fé	14	<u>35.469.619</u>	<u>85.878.947</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	13	10.908.736	0
Viðskiptaskuldir		<u>15.204.834</u>	<u>34.295.500</u>
Skuldir		<u>26.113.570</u>	<u>34.295.500</u>
Eigið fé og skuldir		<u>61.583.189</u>	<u>120.174.447</u>

Sjóðstreymi árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuhalli ársins.....	(50.409.328)	(20.945.324)	
	<i>Veltufé frá rekstri</i>	<u>(50.409.328)</u>	<u>(20.945.324)</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir lækkun/(hækkun).....	(16.668.047)	6.684.817	
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(468.175)	13.519.611	
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	(19.090.666)	7.917.460	
	<u>(36.226.888)</u>	<u>28.121.888</u>	
	Handbært fé frá rekstri (til reksturs)	(86.636.216)	7.176.564
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(1.060.400.000)	(923.200.000)	
Greitt úr ríkissjóði.....	1.140.416.189	929.118.079	
	Fjármögnunarhreyfingar	<u>80.016.189</u>	<u>5.918.079</u>
Hækjun (lækkun) á handbæru fé.....	(6.620.027)	13.094.643	
Handbært fé í ársbyrjun.....	24.578.095	11.483.452	
Handbært fé í lok ársins	<u>17.958.068</u>	<u>24.578.095</u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögnum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langt tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

Starfsþáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.003,4 m.kr. Annars vega hækkuðu fjárheimildir um 49,5 m.kr. við millifærslu launabóta, launaendurmat ársins 2008 vegna kjarasamninga. Hins vega með 7,5 m.kr. millifærslu milli fjárlagaliða, framlag vegna meðferðargangs. Í heild námu fjárheimildir ársins 2008 því 1.060,4 m.kr.

Rekstrargjöld ársins 2008, að frádregnum sértekjum námu samtals 1.110,8 m.kr. og voru því yfir fjárheimildum ársins sem nemur 50,4 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(63.000)	(63.000)	(103.859)	40.859
Laun og launatengd gjöld	793.200	842.700	847.345	(4.645)
Önnur rekstrargjöld	246.100	253.600	342.416	(88.816)
Tilfærslur	18.500	18.500	8.632	9.868
	994.800	1.051.800	1.094.534	(42.734)
Stofnkostnaður	8.600	8.600	16.275	(7.675)
	1.003.400	1.060.400	1.110.809	(50.409)

Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur ársins 2008 sundurliðaður eftir sviðum:

	Þús. kr.	Hlutfall %
Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar	131.403	11,8%
Fangelsi höfuðborgarsvæðisins	240.555	21,7%
Fangelsið Litla-Hrauni	556.290	50,1%
Fangelsið Kvíabryggju	100.653	9,1%
Fangelsið Akureyri	52.812	4,8%
Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira	29.095	2,6%
	1.110.809	100,0%

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar jukust um 33,8 m.kr. á milli ára eða 44,5%. Mest var hækjun eða um 27,8 m.kr. á tekjum á Litla-Hrauni. Hækjunina má rekja að stærsum hluta til verslunar en tekjur vegna hennar námu 24,8 m.kr. á árinu 2008 en þær voru engar á árinu 2007. Tekjur vegna skiltaframleiðslu á Litla-Hrauni drögust hins vegar saman um 9,7 m.kr. á milli ára. Einnig fékk Litla-Hraun 7,5 m.kr. tekjufært framlag til stofnunar meðferðargangs og um 4,8 m.kr. bætur vegna suðurlandsskjálfta. Tekjur á Kvíabryggju jukust um 5,8 m.kr. á milli ára sem skýrist af 2,6 m.kr. tekjuaukningu af brettaframleiðslu, 2,1 m.kr. aukningu á annarri framleiðslu og 1,4 m.kr. vegna vanáætlaðs kostnaðar við stækkun og breytingar á fangelsinu. Um 1,1 m.kr. lækkun varð á tekjum í fangelsinu við Kópavogsbraut.

	2008	2007
Verslun fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu	6.282.259	6.205.030
Fangelsið Kópavogsbraut	3.158.542	4.241.772
Litla-Hraun	76.404.521	48.642.975
Kvíabryggja	16.209.056	10.421.763
Endurgreiðslur fanga vegna síma, máltíða og fl.	6.501.595	5.549.974
Aðrar tekjur	1.192.035	896.880
109.748.008	75.958.394	

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 160,9 m.kr. eða 23,4% frá fyrra ári en að teknu tilliti til fjölgunar ársverka þá hækkuðu laun um 12,3% á milli ára. Til samanburðar hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna 9,06% milli ára. Ársverk í dagvinnu hjá stofnuninni árið 2008 voru 122,8 en voru 111,7 árið 2007 sem er fjölgun um 11,1 ársverk. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	458.254.774	366.902.401
Yfirvinna	170.751.474	143.316.333
Vaktaálag	73.462.927	59.292.491
Aukagreiðslur	7.348.684	4.861.389
Launatengd gjöld	137.527.297	112.038.697
847.345.156	686.411.311	

Skýringar

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 4,0 m.kr. á milli ára eða 18,8%. Mest var hækkun eða um 2,6 m.kr. á símagjöldum sem má rekja fyrir utan almennar hækkanir, til fjölgunar á skjólstæðingum í kerfinu. Kaup á ýmsum skrifstofuvörum jókst um 1,0 m.kr. á milli ára.

	2008	2007
Símagjöld	13.684.433	11.033.162
Útgáfustarfsemi og afnotagjöld	3.071.386	3.479.478
Burðargjöld	3.282.691	2.217.490
Tímarit, blöð og bækur	1.627.738	1.350.191
Skrifstofuvörur	3.229.007	2.193.255
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	343.593	976.194
	<u>25.238.848</u>	<u>21.249.770</u>

4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður hækkaði um 3,5 m.kr. á milli ára eða 23,3%. Mest var hækkun eða um 3,1 m.kr. á akstri sem nam 7,1 m.kr. í árslok. Þar af nam kostnaður starfsmannabifreiða 5,7 m.kr. og akstur sendibifreiða um 1,1 m.kr. Hækkun um 1,1 m.kr. á funda- og ráðstefnukostnaði má að stærstum hluta rekja til kostnaðar af ráðstefnunni Nordisk Seminar sem haldin var um fangelsisbyggingar á Akureyri eða um 0,7 m.kr. Lækkun um 1,0 m.kr. var á ferða- og dvalarkostnaði innanlands. Lækkunin skýrist að mestu af greiðslu dagpeninga til fangavarðaskólanema sem búa utan höfuðborgarsvæðisins en á árinu 2008 var einungis greiðsla til þriggja nema.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	5.735.414	6.750.718
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	2.987.970	2.559.101
Fundir, ráðstefnur og námskeið	1.534.197	430.397
Akstur	7.142.441	4.004.415
Annar funda- og ferðakostnaður	1.146.638	1.296.693
	<u>18.546.660</u>	<u>15.041.324</u>

5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði um 5,2 m.kr. á milli ára eða 15,8%. Hækkunin skýrist m.a. af um 1,5 m.kr. kostnaði vegna aðkeyptrar sálfræðiþjónustu að Litla Hrauni, 1,2 m.kr. hækkun á rannsóknabjónustu frá Háskóla Íslands og um 0,6 m.kr. vegna hækunar á rekstrarsamningum um kaup á þjónustu. Fangelsismálastofnun rkisins greiddi mánaðarlega til áfangaheimilisins Verndar vegna afplánunar fanga síðasta hluta fangelsisvistar sinnar og námu greiðslurnar á árinu 2008 um 18,0 m.kr. Greiðslur til Sólheima á árinu 2008 námu um 1,7 m.kr. og til S.A.Á. um 0,6 m.kr.

Rekstrarsamningar um kaup á þjónustu	20.671.546	20.036.438
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	3.271.599	3.342.705
Rannsóknarstofufþjónusta	4.160.046	2.959.894
Önnur sérfræðiþjónusta	8.293.216	6.388.542
	<u>36.396.407</u>	<u>32.727.579</u>

Skýringar

6. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda hækkaði um 0,3 m.kr. á milli ára eða 2,6%. Mest var hækkunin eða um 2,3 m.kr. á liðnum smátæki og áhöld sem rekja má til kaupa eldhúsáhalda og um 1,7 m.kr. til endurnýjunar öryggiskerfis í fangelsinu Kópavogi. Lækkun var á móti á liðnum viðgerðir og viðhald sem má einkum rekja til viðhalds öryggiskerfis á Kvíabryggju og viðhalds utanhúss á Litla-Hrauni á árinu 2007.

	2008	2007
Smátæki og áhöld	6.668.232	4.408.727
Viðgerðir og viðhald	2.689.398	5.980.907
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.457.405	1.453.453
Uppsetning á netbúnaði	1.857.958	103.646
Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda	286.900	679.369
	<u>12.959.893</u>	<u>12.626.102</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 10,8 m.kr. á milli ára eða 8,3%. Mest var hækkun á máltíðum eða um 5,6 m.kr. eða 6,7% og matvælum um 3,7 m.kr. eða 29,4%. Keyptar máltíðir eru vegna starfsmanna og vistmanna í fangelsum landsins. Um 2,0 m.kr. hækkun var á vinnufatnaði og fatafé eða um 41,1% sem má rekja til endurnýjunar vinnufatnaðar. Meðal tilfærslna eru færslur vegna dagpeninga en Fangelsismálastofnun greiðir dagpeninga til þeirra fanga sem hvorki geta unnið né hafa vinnu. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast eins og hér kemur fram.

Máltíðir	90.207.110	84.573.184
Matvæli	16.511.087	12.763.057
Tilfærslur	8.631.922	9.998.104
Rekstrarvörur	11.095.046	9.956.727
Vinnufatnaður og fatafé	6.909.664	4.895.856
Annar rekstrarkostnaður	6.963.153	7.365.964
	<u>140.317.982</u>	<u>129.552.892</u>

Skýringar

8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 9,4 m.kr. eða 16,0% á milli ára. Mest var hækkunin á öðrum húsnæðiskostnaði eða um 5,7 m.kr. sem að stórum hluta skýrist af hellulögn við fangelsið á Litla-Hrauni. Húsaleiga ársins 2008 vegna Borgartúns 7 nam um 4,0 m.kr. en húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin.

	2008	2007
Leigugjöld	3.970.752	3.755.784
Orka	13.995.678	12.684.224
Viðhald fasteigna og innréttigar	22.077.798	21.928.191
Fasteignagjöld	11.578.717	10.262.764
Þrif og sorphirða	6.439.114	5.766.398
Annar húsnæðiskostnaður	10.025.397	4.294.640
	<u>68.087.456</u>	<u>58.692.001</u>

9. Bifreiðarekstur

Kostnaður við rekstur bifreiða hækkaði lítillega á milli ára eða um 1,4%. Stofnunin á og rekur 9 bifreiðar, þar af eru tvær hjá Fangelsismálastofnun, þrjár á Litla-Hrauni, tvær á Kvíabryggju auk dráttarvélar og ein í Hegningarhúsinu og ein í Fangelsinu Akureyri.

Bensín og olía	4.640.238	3.354.418
Opinber gjöld og tryggingar	1.093.074	995.684
Viðgerðir og viðhald	1.117.117	2.416.835
Annar bifreiðakostnaður	781.473	757.322
	<u>7.631.902</u>	<u>7.524.259</u>

10. Eignakaup

Eignakaup drögust saman um 3,1 m.kr. á milli ára eða 15,9%. Engin bifreiðakaup voru á árinu en keypt var ný vinnuvél að verðmæti 5,2 m.kr. Tölvubúnaður lækkaði um 4,4 m.kr. sem skýrist af því að á árinu 2007 voru keyptar nýjar tölvur fyrir Fangelsismálastofnun, Kvíabryggju, Hegningarhúsið og Fangelsið Kópavogsbraut 17.

Bifreiðar	0	4.733.264
Vinnuvélar	5.220.778	0
Skrifstofubúnaður	3.037.469	1.213.185
Tölvubúnaður	1.244.544	5.689.944
Húsgögn	949.771	2.335.509
Önnur tæki og búnaður	5.822.401	5.381.671
	<u>16.274.963</u>	<u>19.353.573</u>

Skýringar

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2008	2007
Vaxtatekjur	2.012.324	1.350.317
Vaxtagjöld	(433.243)	(571.766)
Fjármagnstekjkattur	(201.231)	(134.996)
	<u>1.377.850</u>	<u>643.555</u>

Annað

12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

Sjóður	440.746	543.733
Bankainnstæður	17.517.322	24.034.362
	<u>17.958.068</u>	<u>24.578.095</u>

13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2008 nam skuld stofnunarinnar við ríkissjóð 10,9 m.kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því versnað um 80,0 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar	69.107.453
Ríkisframlag	1.060.400.000
Greiðslur	(1.157.854.211)
Millifærslur	17.438.022
Staða 31. desember	<u>(10.908.736)</u>

14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárhildum. Á árinu 2008 var stofnunin rekin yfir fjárhildum ársins sem nemur 50,4 m.kr. og lækkar höfuðstóll sem nemur þeirri fjárhæð. Í lok ársins 2008 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 23,9 m.kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11,6 m.kr. þannig að í heild nemur eigið fé 35,5 m.kr.

Höfuðstóll:

Höfuðstóll 1. janúar 2008	74.302.599
Ríkisframlag	1.060.400.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(1.110.809.328)
Höfuðstóll 31. desember	<u>23.893.271</u>

Annað eigið fé:

Framlag til eignamyndunar 1. janúar 2008	11.576.348
Annað eigið fé 31. desember 2008	<u>11.576.348</u>
Eigið fé alls	<u>35.469.619</u>

Skyringar

15. Skuldbindingar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: Samningur við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu og nam mánaðarleg greiðsla um 331 þús. kr. Samningur er við ISS Iceland um ræstingar og nam mánaðarleg greiðsla að meðaltali 134 þús. kr. Samningur við Hreingerningaþjónustu Suðurlands um ræstingar á Litla-Hrauni og nam mánaðarleg greiðsla 301 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Rauða húsið um mat á Litla-Hrauni. Greiðsla fyrir þjónustu er samkvæmt umsömdum taxta og tekur mið af fjölda fanga og starfsmanna. Samningur við Vernd um aðlögun fanga og nam mánaðarleg greiðsla 1.497 þús. kr. Samingur við SÁÁ um fíkniefnameðferð fanga og nam mánaðarleg greiðsla 35 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Sólheima um vistun fanga að Sólheimum í Grímsnesi í tilraunaskyni. Samningur við Öryggismiðstöð Íslands um mannaða öryggisgæslu vegna samfélagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2008	2007	2006	2005	2004
Rekstur					
Rekstrartekjur	109.625	76.601	66.784	67.866	128.799
Rekstrargjöld	(1.204.160)	(1.001.394)	(853.193)	(802.764)	(764.340)
Eignakaup	(16.275)	(19.354)	(9.749)	(10.770)	(10.001)
Tekjuafgangur	(1.110.810)	(944.147)	(796.158)	(745.668)	(645.542)
Ríkisframlag	1.060.400	923.200	828.029	780.300	658.400
Tekjuafgangur ársins	<u>(50.410)</u>	<u>(20.947)</u>	<u>31.871</u>	<u>34.632</u>	<u>12.858</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	61.583	120.174	133.202	93.913	62.376
Egnir alls	<u>61.583</u>	<u>120.174</u>	<u>133.202</u>	<u>93.913</u>	<u>62.376</u>
Höfuðstóll	35.469	85.878	106.824	74.953	28.746
Skammtímaskuldir	26.114	34.296	26.378	18.960	22.054
Eigið fé og skuldir alls	<u>61.583</u>	<u>120.174</u>	<u>133.202</u>	<u>93.913</u>	<u>50.800</u>